

Verkmenntaskólinn á Akureyri

# Rýni stjórnenda haustönn 2016

febrúar 2017  
Anna María Jónsdóttir tók saman

# Inngangur


Gæðakerfið skólans er í stöðugri þróun og verkferlar endurskoðaðir eftir aðstæðum. Ljóst er að hægt er að einfalda verkferla enn frekar og verður lögð áhersla á það á næstu misserum.

Kjartan Kárason frá Vottun ehf. kom og gerði úttekt á verkferlum þann 2. nóvember 2016. Með honum í för voru þeir Ólafur J. Briem og Guðmundur Guðmundsson frá Samgöngustofu. Niðurstaða úttektar hefur ekki borist þegar þessi samantekt er skrifuð. Dagssetning á heimsókn Kjartans á vorönn 2017 hefur ekki verið ákveðin.

Á haustönn 2016 áttu eftirtaldir aðilar sæti í gæðaráði: Anna María Jónsdóttir verkefnastjóri gæðamála, Benedikt Barðason aðstoðarskólameistari, Ómar Kristinsson sviðsstjóri stúdentsprófsbrauta, Sigurður Hlynur Sigurðsson áfangastjóri og Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari. Haldnir voru 18 gæðaráðsfundir á önninni eða u.þ.b. einu sinni í viku.

Þessi skýrsla er unnin skv. VKL-101 *Stjórnun gæðamála* og er samantekt á þeim verkefnum sem falla undir verkefnastjóra gæðamála og gæðaráð þarf að fjalla um. Skýrslunni fylgja töflur yfir niðurstöður úr þeim könnunum og úttektum sem gæðakerfi skólans setur upp.

SHD

Nr.: GAT-002	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 02		
Dags.: 01.03.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: BEN	<b>Rýni stjórnenda (niðurstöður)</b>	
Síða 2 af 11		

## Almennar kröfur:

ISO 9001 kafli 5.6 fer fram á eftirfarandi:

Kröfur til rýni:

- Tryggja að gæðastjórnunarkerfið henti áfram, sé fullnægjandi og virkt
- Leggja mat á tækifæri til umbóta
- Meta þörf á breytingum á gæðastjórnunarkerfinu, þ.m.t. gæðastefnu og markmið

Niðurstöður rýni stjórnenda innihaldi að lágmarki ákvarðanir og aðgerðir sem tengjast:

- Umbótum á virkni gæðastjórnunarkerfisins og ferlum þess (þ.m.t. gæðastefnu og gæðamarkmið)
- Umbótum á vörnni (kennslu áfanga og námskeiða) í tengslum við kröfur hlutaðeigandi
- Mati á þörf auðlinda
- Mati á tækifærum til umbóta

Rýnisfundur var haldinn:

Mætt: AMJ, BEN, ÓKR, SHJ, SHS

Forföll: engin

Staður: Skrifstofa  
aðstoðarskólameistara

Tími: 10:15 til 11:15

Dags.: 08.02.2017

## Niðurstöður rýnisfundar:

### 0. Forsendur


Tilgangur fundarins var að fara yfir **Skýrslu fyrir rýni stjórnenda vor 2016**. Frumrit skýrslunnar er í vörslu verkefnastjóra gæðamála, afrit á bóksafni og vefútgáfa á heimasíðu skólans.

Ályktanir eru dregnar fyrir hvert atriði, og aðgerðir ákvarðaðar. Þessar aðgerðir eru teknar saman á aðgerðalista í lok þessarar fundargerðar, og fara inn á GÁT-069 Verkefnalisti stjórnenda skv. VKL-102 Vinnureglur gæðaráðs og fá eftirfylgni þar.

### 1. Niðurstöður frá fyrri rýni stjórnenda

Verkefnastjóri gæðamála fór yfir atriði á aðgerðarlista frá síðustu rýni. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Eftirvinnu innri úttekta er ekki lokið að fullu.
- Einhver starfsmannaviðtöl hafa farið fram en ekki hefur gefist tími til að sinna þeim að fullum krafti. Það stendur vonandi til bóta.

Nr.: GAT-002	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 02		
Dags.: 01.03.2016	<b>Rýni stjórnenda (niðurstöður)</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: BEN		
Síða 3 af 11		


- Tilraun var gerð með kennslumat í Innu og vonast var til þess að betri svörum fengist. Það gekk ekki eftir. Seinlegra var að vinna úr niðurstöðum könnunarinnar og því ákveðið að halda áfram að nota Survey monkey og verður það gert í kennslu mati V17.
- Ekki er öllum málum sem komu upp í áfangaskýrslum og framvindumat V16 lokið. Nokkur mál standa útaf og er gæðaráði falið að ljúka þeim málum sem hægt er að ljúka innan fjárhagsramma. Skoða þarf hvernig hægt er að gera kerfið skilvirkara þannig að málum sem vísað er áfram sé fylgt eftir af þeim aðila sem fær málið í hendur.
- Frábrigðaskýrslur vegna námsáætlana V16 voru yfirfarnar í upphafi V17. Flestum lagfæringum er lokið. Skoða þarf betur það sem stendur útaf en í einhverjum tilfellum er um að ræða áfanga sem ekki verða kenndir aftur í þeirri mynd sem þeir hafa verið kenndir. Spurning hvort loka eigi þeim skýrslum.
- Búið er að fara í gegnum eldri mál sem komið hafa upp í gegnum framvindumat og áfangaskýrslur. Nokkrum var lokað. Önnur eru enn opin t.d. vegna þess að ekki er hægt að loka þeim innan fjárhagsramma.
- Kennurum sem bjóða uppá stoðtíma fjölgar um einn á milli anna. Nemendur nýta sér ekki stoðtíma sem skyldi m.a. vegna þess að tímasetningar henta illa þar sem stundatöflur nemenda eru þéttar og lítið svigrúm. Rætt hefur verið um að nýta stökk sjö (síðasta tímapar á þriðjudögum og fimmtudögum) fyrir stoðtíma.
- Úttekt um öryggismál nemenda var vísað til öryggisnefndar. Skýrslan er hjá aðstoðarskólameistara.
- Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á gæðakerfi skólans til að léttja verklag. Verklagsreglur sameinaðar og gátlistar felldir út.
- Vinna við að koma fjarnámi undir gæðakerfið hefur ekki verið nógu skilvirk og ljóst að bæta þarf í þar.
- Endurskoðun á verknámsbrautum samkvæmt nýrri námskrá er ekki lokið. Samkvæmt tilskipun frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu þarf námskrárvinnu að vera lokið fyrir 31. mars 2017.
- Íslensk útgáfa af ISO staðlinum er ekki tilbúin og ekki búið að yfirfara gæðakerfi skólans m.t.t. endurbættar útgáfu.
- Gæðamarkmið skólans hafa verið endurskoðuð m.t.t. könnunarinnar Stofnun ársins.
- Endurnýjun á húsgögnum fyrir nemendur í kennslurýmum og búnaði og kennslugögnum til kennslu í bókleikum og verklegum greinum hefur ekki farið fram. Vondir standa til að hægt verði að endurnýja einhvern búnað á árinu 2017.
- Hollvinasamtök VMA samþykktu að setja upp bíóstofu í skólanum og hafa keypt þau tæki sem þurfa að vera í stofunni. Stofan verður staðsett í C04 og framkvæmdir munu að óbreyttu hefjast vorið 2017.
- Ekki tókst að prófa kennsluvef Innu á haustönn 2016. Erfitt var að fá kennara til að prófa vefinn. Innritunarvefurinn var prófaður fyrir fjarnám og gekk mjög vel. Einfaldar verklag, auðveldar innritun og sparar tíma.
- Ekki hefur unnist tími til að vinna að málalykli skólans.

## 2. Niðurstöður innri úttekta

Innri úttektum fyrir haustönn 2016 er ekki að fullu lokið. Flestum úttektum var skilað í desember og eftirvinnu ekki að fullu lokið þegar þessi skýrsla er skrifuð. Niðurstöður úttekta og eftirvinnu þeirra má sjá í yfirliti sem fylgir þessari skýrslu.

Eftirfylgni varðandi innri úttektir er á ábyrgð verkefnastjóra gæðamála og er framkvæmd samkvæmt skv. VKL-403 Innri úttektir, kafli. 5.3.

## 3. Endurgjöf frá nemendum, starfsmönnum og hlutaðeigandi

Nr.: GAT-002	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 02		
Dags.: 01.03.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: BEN		
Síða 4 af 11	<b>Rýni stjórnenda (niðurstöður)</b>	

Í VMA er unnið að því að bæta gæði skólstarfsins með hliðsjón af gæðamarkmiðum og kvörðum sem er að finna í STS-007. Til að sjá hvort skólinn hefur náð markmiðum sínum er m.a. rýnt í niðurstöður kennslu- og starfsmannakannana, tölur um brottfall, einkunnir og viðveru nemenda. Niðurstöður haustannar 2016 birtast hér fyrir neðan. Hafa verður í huga að niðurstöður fyrir gæðamarkmið VMA eru bornar saman við markmið sem eru sett fyrir eitt ár, en hér í þessari skýrslu er einungis um að ræða niðurstöður einnar annar. Um er að ræða þætti sem sveiflast mjög á milli ára og því verður að hafa fyrirvara á þegar lesið er í niðurstöðurnar.

### Kennslumat

Kennslumat er gert á hverri önn, í formi könnunar sem lögð er fyrir nemendur, þar sem þeir svara spurningum um störf kennara og aðbúnað til kennslu. Reglan er sú að 1/3 af áföngum skólans sé inni í hverri könnun, því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans. Á haustönn 2016 voru sendar út 2457 kannanir í 153 áföngum og fengust 817 svör eða 33% svörun. Ljóst er að könnuninni þarf að fylgja vel eftir til að fá betri svörun. Í gæðamarkmiðum skólans eru tveir þættir sem eru athugaðir í kennslumati, þeir eru hér að neðan. Að öðru leyti er vísað í skýrslu um kennslumat á heimasíðu skólans, hér.

Mælikvarði	Markmið	Niðurstaða haust 2016	Meðaltal síðustu þriggja anna
Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum	85% svari frekar sammála eða mjög sammála	88% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála	87,9% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála
Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfangnum eru viðunandi	85% svari frekar sammála eða mjög sammála	93% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála	90,7% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála

### Starfsmannakönnun

Ákveðið hefur verið að nota Stofnun ársins sem starfsmannakönnun skólans, og var það gert á vorönn 2016. Könnunin verður næst lögð fyrir á vorönn 2017 (febrúar/mars).


### Þjónustukönnun

Ekki var gerð þjónustukönnun á haustönn 2016. Hún hafði verið gerð á vorönn 2016.

## 4. Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og útskrift námskeiða

Nokkuð góð reynsla er komin á gæðastjórnunarkerfið í skólanum. Heldur hefur dregið úr uppfærslum á verklagsreglum og öðrum skjölum sökum tímaskorts. Við endurnýjun skjala hefur verið farið eftir VKL-104 Skjalastýring. Í töflunni hér að neðan sést hvaða skjölum var breytt í gæðahandbókinni á haustönn 2016.

Dags	Númer	Skjalaheiti
18.10.2016	VKL-103	Samskipti útávið
01.11.2016	INN-001	Innihald gæðahandbókar
	VKL-101	Stjórnun gæðamála
	VKL-306	Námsmat og færsla einkunna
	GÁT-042	Umsókn um skólavist (önn ártal)

Nr.: GAT-002	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 02		
Dags.: 01.03.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: BEN		
Síða 5 af 11	<b>Rýni stjórnenda (niðurstöður)</b>	

08.11.2016	GÁT-041	Forsíða prófa (Önn Ártal)
29.11.2016	STS-007	Gæðamarkmið - mælikvarðar

#### 4.1 Frammistaða ferla og samræmi vöru

Eftir hverja önn taka áfangastjórar saman upplýsingar um námsárangur nemenda, brottfall og mætingar. Í gæðamarkmiðum skólans eru mælikvarðar fyrir fjóra þætti er varða námsgengi nemenda.

Mælikvarði	Markmið	Niðurstaða haustönn 2016
Meðaleinkunn (allir áfangar)	6,5	6,75
Fallprósenta	10%	10,6%
Mætingar %	90%	84,9%
Brottfall %	9,00%	9,84%

Nemendagildi á haustönn 2016 voru 1075, þar af 62 ígildi í fjarnámi.

#### Áfangaskýrslur vegna haustannar 2016

Fag- og brautarstjórar skiluðu áfangaskýrslum á sýnidegi námsmats þann 16.12.2016. Alls voru gerðar 37 skýrslur og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 401, þann 11. janúar 2017 og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til úrvinnslu. Skýrslurnar voru sendar í tölvupósti til fag- og brautarstjóra með upplýsingum um framvindu mála. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála fylgja á GÁT-018 með þessari skýrslu.

#### Framvindumat haustannar 2016

Fag- og brautarstjórar skiluðu framvindumati um miðja haustönn. Alls voru gerðar 5 skýrslur og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 390, þann 18.10.2016 og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála fylgja á GÁT-018 með þessari skýrslu.

#### Frábrigði við námsáætlanir haustannar 2016

Mikil vinna var lögð í lestur námsáætlana í upphafi annar og mest áhersla var lögð á að nýjum námsmatsreglum væri fylgt. Fag- og brautarstjórar fengu í hendur frábrigðaskýrslur þar sem fram komu niðurstöður á yfirferð námsáætlana. Alls voru gerðar 25 frábrigðaskýrslur og athugasemdir við 142 námsáætlanir samanlagt í dagskóla og fjarnámi. 339 námsáætlunum var skilað til áfangastjóra og birtar á vef skólans, 81 í fjarnámi og 258 í dagskóla.


#### Ábendingar og kvartanir

Alls bárust 15 ábendingar og/eða kvartanir án þess að fara í gegnum framvindumat eða áfangaskýrslur. Búið er að ljúka 10 málum og fimm eru enn í vinnslu. Að auki var einu máli frá fyrri önn lokið.

#### 4.2 Útskrift áfanga

Við útskrift áfanga er farið eftir VKL-106 og stuðst við GÁT-022. Alls eru fimm þættir sem notaðir eru til að útskrifa áfanga. Þeir eru: námsáætlun, framvindumat, kennslumat, próf og áfangaskýrslur. Alls voru útskrifaðir 299 áfangar á haustönn 2016. Skil á gögnum voru góð og útskrift áfanga var lokið á

*Handwritten initials/signature*

Nr.: GAT-002	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 02		
Dags.: 01.03.2016	<b>Rýni stjórnenda (niðurstöður)</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: BEN		
Síða 6 af 11		

tilsettum tíma. Teknar voru stikkprufur úr skilagögnum kennara og brugðist verður við frábrigðum á vorönn 2017. Farið var yfir frábrigði frá vorönn 2016 með hlutaðeigandi fag-/brautarstjóra og síðan á fundi með öllum fag- og brautarstjórum á haustönn 2016.

## 5. Staða forvarna og úrbóta

### 5.1 Forvarnir


- Risk detector – skimun á nýnemum í brottfallshættu og eftirfylgni námsráðgjafa með þeim.
- Stoðtímar – kennarar bjóða uppá stoðtíma í stað viðtalstíma og síðan í lok annar. Hefur gefist vel, sérstaklega í lok annar þegar líður að prófum og lokaskilum á námsmati.
- Jafnréttis- og mannréttindavika 31. október – 4. nóvember. Fjölbreytt dagskrá með fyrirlestrum, tónlist og kvikmyndasýningum.
- Skólinn er þátttakandi í verkefni ásamt Jafnréttisstofu þar sem markmiðið er að fjölga stúlkum í iðn- og tækninámi og strákum í háriðn og sjúkráliðanámi – *Rjúfum hefðirnar, förum nýjar leiðir.*
- Verkefni sem miðaði að því að kynna nýnemum undirstöðuatriði HAM (hugrænnar atferlismeðferðar) lauk á haustönn 2016. Skýrsla aðgengileg hjá aðstoðarskólameistara.
- Námsver fyrir nemendur á Brautabru var starfrækt í skólanum á haustönn 2016. Tilgangur verkefnisins er að styðja við nemendur í brottfallshættu, aðstoða við nám og bæta líðan nemenda. Markmiðið er að draga úr brottfalli á 1. ári. Verkefnið stendur yfir allt skólaárið.
- Fjölgreinabraut: Markmiðið er að meta eldri nemendur inná þá stúdentsprófsbraut sem hvað minnstan kjarna hefur og þannig að lækka brottfall og hækka brautskráningarhlutfall.
- Verkmenntaskólinn á Akureyri tekur þátt í fjölmörgum lýðheilsuverkefnum með ágætis árangri og þátttöku nemenda og starfsmanna, ásamt því að skipuleggja vorhlaup VMA. Lýðheilsuverkefnin eru færri á haustönn, en helst ber að nefna:
  - Heilsueflandi framhaldsskóli
  - Flensborgarhlaupið
  - Hjólum í skólann
  - Göngum í skólann

### 5.2 Úrbætur

- Ný brunavarnastjórnstöð var sett upp í tengslum við reykskynjara sem settir voru upp á vorönn 2016.
- Þráðlaust netsamband var bætt í A og B álmu.
- Anddyri austan megin var lagað eftir rakaskemmdir sem komu upp þar.
- Búið er að ganga frá gasgeymslu á málmiðnaðarbraut.
- Ný hitavatnslögn var lögð í skólann ásamt affallslögn niður í dælustöð.
- Skipt var um prentara í húsinu ásamt öllum ljósritunarvélum.
- Um 10 tölvum og 30 tölvuskjám var skipt út í skólanum.

## 6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Enn er unnið að því að aðlaga gæðakerfið að nýjum námskrám og hefur megin áhersla verið á

Nr.: GAT-002	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 02		
Dags.: 01.03.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: BEN		
Síða 7 af 11	<b>Rýni stjórnenda (niðurstöður)</b>	

iðnnámið á haustönn 2016. Ekki hefur verið lokið við námskrár í iðnnámi og mun sú vinna halda áfram. Skila á brautum til umsagnar hjá Menntamálastofnun 31. mars 2017. Töluvert hægðist á uppfærslum á gæðakerfinu á haustönn 2016, ljóst er að töluvert vinna er framundan við að aðlaga gæðakerfið að nýrri útgáfu af ISO staðlinum. Vonandi lýkur þeirri vinnu að mestu fyrir haustið 2017. Áfram verður unnið að því að létta gæðakerfið og breyta verklagi til að gera það skilvirkara. Innleiðing fjarnáms undir gæðakerfi mun halda áfram.


Endurnýjun á húsgögnum fyrir nemendur í kennslurýmum og búnaði og kennslugögnum til kennslu í bóklestum og verklegum greinum hefur ekki farið fram vegna fjárskorts. Málið er áfram í skoðun. Vinna þarf markvisst að flokkun á sorpi frá skólanum. Samstarf framhaldsskóla á Norðurlandi eystra heldur áfram ásamt samtali VMA við grunnskóla á Akureyri.

## 7. Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)

Gæðamarkmiðin voru endurskoðuð í nóvember 2016. Ákveðið var að leitast við að 85% nemenda væru „ánægðir með kennsluna í áfanganum“ en ekki 75%. Ákveðið var að nota könnunina Stofnun ársins til að mæla ánægju starfsfólks. Sú könnun er lögð fyrir í febrúar/mars ár hvert. Gæðamarkmiðin voru aðlöguð og verður leitast við að svörun í VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert.

Mælikvarði	Markmið	Niðurstaða haust 2016
Ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum	85% svari frekar sammála eða mjög sammála	88% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála
Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfangnum eru viðunandi	85% svari frekar sammála eða mjög sammála	93% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála
Ég er ánægð(ur) með núverandi vinnuástöðu mína.	Að svörun í VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert	Könnunin ekki lögð fyrir á haustönn 2016
Þegar á heildina er litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu.	Að svörun í VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert	Könnunin ekki lögð fyrir á haustönn 2016
Í skólanum líður mér vel	90% svara alltaf eða oftast	Þjónustukönnun ekki lögð fyrir á haustönn 2016
Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf.	90% nem svara mjög sammála eða frekar sammála.	Þjónustukönnun ekki lögð fyrir á haustönn 2016
Meðaleinkunn (allir áfangar)	6,5	6,75
Fallprósenta	10%	10,6%
Mætingar %	90%	84,9%



Nr.: GAT-002	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 02		
Dags.: 01.03.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: BEN		
Síða 8 af 11	<b>Rýni stjórnenda (niðurstöður)</b>	

Brottfall %	9.00%	9,84%
Vottun og innri úttektir sem sýna að námið sé í samræmi við þessar kröfur.	Halda virkri gæðavottun um rekstur skólans samkvæmt ISO 9001 staðli	Framlenging á vottun um 2 ár. Veitt 15. mars 2016


Einungis voru sjö af ellefu þáttum mældir á haustönn 2016. Niðurstöður sýna að þrír af sjö þáttum koma betur út heldur en lagt er upp með í gæðamarkmiðum skólans. Að auki heldur skólinn vottun samkvæmt ISO 9001 staðli.

## 8. Tillögur um umbætur

- Skipta út helluborði og bakaraofni á matvælabraut.
- Skipta út gaseldavél á matvælabraut.
- Skrifstofa nemendafélagsins verður staðsett í H – álmu. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á vorönn 2017.
- Breytingar verða gerðar á eldhúsi í mötuneyti nemenda. Teikningar lagðar fram á vorönn 2017 og framkvæmdir áætlaðar sumarið 2017.
- Vélstjórnardeild: Skoða þarf loftræstingu í kjallara. Breyta þarf plássi þar sem nýr hermir á að koma.
- Uppsetning hjólaskýlis við A álmu og norður inngang. Áætlað á árinu 2017.
- Erlent samstarf – skólinn tekur þátt í nokkrum erlendum samstarfsverkefnum m.a. starfsþjálfun nemenda, þar sem VMA nemendur fara í starfsþjálfun erlendis og erlendir nemendur koma til Akureyrar. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu skólans. Stærstu verkefni sem eru í gangi nú eru:
  - **Appmentor** fjallar um notkun á samfélagsmiðlum og öðru slíku þegar verið er að fylgjast með og styðja nemendur á meðan þeir eru í vinnustaðanámi. Appmentor verkefninu er stýrt af Axxell skólanum í Finnlandi.
  - **CSE - Completing Secondary Education.** Þetta verkefni gengur út að safna saman því sem skólarnir gera og hefur skilað árangri í að minnka brottfall. Markmiðið er að koma saman pakka af aðferðum sem hægt er að læra af hinum skólunum og geta þannig beitt fleiri úttæðum til að minnka líkur á brottfalli. Carlottenlund í Þrándheimi stýrir verkefninu. Auk þeirra eru VMA, Finnar, Danir, Þjóðverjar og Hollendingar. Seinasti fundur í verkefninu er í Þrándheimi í apríl.
  - **GreenPOP** fjallar um þróun á fræðslu um lífrænan landbúnað í Macedoniu.

## 9. Tillögur um auðlindir

- Enn standa vonir til að hægt verði að prófa kennsluvef Innu.
- Sampykkt var að setja upp bíóstofu í skólanum. Stofan verður staðsett í C04 og framkvæmdir munu að óbreyttu hefjast vorið 2017.
- Brýn þörf er á endurnýjun á tölvum í skólanum.
- Kanna þarf heildarlausnir varðandi tölvukerfi skólans og gagnageymslu, t.d. skýjalausnir.
- Skoða þarf heildarlausnir varðandi tölvuaðgang nemenda í skólanum.
- Skoða þarf skjalastýringarkerfi fyrir skólann.


Nr.: GAT-002	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 02		
Dags.: 01.03.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: BEN		
Síða 10 af 11	<b>Rýni stjórnenda (niðurstöður)</b>	

## 10. Aðgerðalisti


Skv. verklaginu sem lýst er í kafla 5.4 í VKL-401 Rýni stjórnenda, eru aðgerðir á aðgerðalista færðar yfir á GÁT-069 Verkefnalista stjórnenda. Aðgerðalistinn verður einnig viðfangsefni næstu rýni (sbr. atriði 6 hér að neðan). Númer á einstökum efnisatriðum hér að neðan vísa á sama kaflanúmer í Skýrslu fyrir rýni stjórnenda vor 2017.

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA VOR 2017			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
2	<b>Innri úttektir</b>		
	Eftirvinna varðandi innri úttektir er í höndum gæðastjóra. Eftirvinnu innri úttekta frá haustönn 2016 er ekki lokið.	AMJ	V17
3	<b>Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum</b>		
	Gera þarf ráðstafanir til að fá betri svörun úr kennslumati og öðru innra mati s.s. þjónustukönnun og Stofnun ársins. E.t.v. kanna hvernig öðrum skólum tekst til?	BEN	V17-H17
	Starfsmannaviðtöl hafa ekki farið fram. Vinna verður áætlun um hvernig koma á því við að taka starfsfólk í viðtöl.	SHJ/BEN	V17-H17
	Þjóðfund nemenda þarf að setja á dagskrá.	Gæðaráð	V17-H17
4	<b>Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða</b>		
	Skoða þarf hvernig best er að skrá frábrigði sem koma fram t.d. úr áfangaskýrslum og framvindumati, þannig að skýrslur sem ómögulegt er að loka (t.d. vegna kostnaðar og/eða mikilla breytinga á húsnæði og búnaði) séu ekki opnar til lengri tíma. Er hægt að loka skýrslum þrátt fyrir að málið hafi ekki verið afgreitt?	Gæðaráð	V17
	Breyta þarf vinnulagi um yfirlestur námsáætlana þannig að hægt sé að loka skýrslum t.d. ekki gera athugasemdir við þá þætti sem ekki er ætlast til að séu lagaðir? Fylgja þarf betur eftir að námsáætlanir séu lagfærðar og brýna ábyrgðarhlutverk fag- og brautarstjóra fyrir þeim.	Gæðaráð	V17
	Skoða þarf hvort útskrifa eigi áfanga í fjarnámi. Hingað til hefur framvindumati ekki verið skilað í fjarnámi. Það er í raun það eina sem vantar til að fjarfangi geti útskrifast skv. GÁT-022. Skoða hvað hægt er að gera, myndi auka á gagnsæi í fjarnámi t.d. varðandi skil á námsáætlunum, birtingu þeirra o.þ.h.	Gæðaráð	V17-H17

SM

Nr.: GAT-002	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 02		
Dags.: 01.03.2016	<b>Rýni stjórnenda (niðurstöður)</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: BEN		
Síða 9 af 11		

- Einfalda þarf verkferla og sameina verklagsreglur eftir ástæðum t.d. VKL-214 og VKL-211 (Innkaup) og VKL-306 og VKL-307 (Námsmat og prófhald). Skoða fleiri leiðir til að einfalda gæðakerfið, skrifa vinnulýsingar og leiðbeiningar samhliða endurskoðun á verklagsreglum.

Nr.: GAT-002	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 02		
Dags.: 01.03.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: BEN		
Síða 11 af 11	<b>Rýni stjórnenda (niðurstöður)</b>	

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA VOR 2017			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
<b>5</b>	<b>Staða forvarna og úrbóta</b>		
	Áfram unnið að því að setja fjarnámið undir gæðakerfi skólans. Taka þarf umræðu um það hversu langt á að ganga í innleiðingu fjarnáms undir gæðakerfi. Fara þarf yfir hvað stendur útaf og hvað hægt er að gera.	Gæðaráð/ BAR	V17-H17
	Áætlað er að vinnu við námskrár í verknámi ljúki á vorönn 2017.	AMJ/BAR	V17
	Efla og breyta þarf skráningu á forvörnum og umbótum sem aðrir innan skólans en gæðaráð taka þátt í eða byrja með. Spurning um að kynna þetta á fundi með fag- og brautarstjórum.	Gæðaráð	V17-H17
	Vinna áfram að því að efla þráðlaust netsamband í skólanum	SHJ/BEN	V17-H17
<b>6</b>	<b>Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda</b>		
	Aðgerðalisti yfirfarinn í næstu rýni á vorönn 2017 (júni)	Gæðaráð	V17
<b>7</b>	<b>Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)</b>		
	Endurskoðun á verknámi mun halda áfram á vorönn 2017 og hafa áhrif á gæðakerfi skólans.	AMJ/BAR	V17
	Innleiðing á nýrri útgáfu af ISO staðlinum mun hafa áhrif á gæðakerfið	Gæðaráð	V17-H17
	Innleiðing á fjarnámi undir gæðakerfi mun hafa í för með sér breytingar á gæðakerfinu	Gæðaráð/ BAR	V17-H17
<b>8</b>	<b>Tillögur um umbætur</b>		
	Skrifstofa nemendafélagsins verður flutt nær Gryfju (H álma). Með flutningunum verður starfssemi nemendafélagsins nær nemendum.	SHJ	V17
	Breytingar verða gerðar á eldhúsi í mötuneyti nemenda.	SHJ	V17
	Uppsetning hjólaskýlis við A álmu og norður inngang. Áætlað á árinu 2017.	SHJ	V17-H17
<b>9</b>	<b>Tillögur um auðlindir</b>		
	Kanna þarf heildarlausnir varðandi tölvukerfi skólans og gagnageymslu, t.d. skýjalausnir.	SHJ/BEN	V17-H17
	Enn standa vonir til að hægt verði að prófa kennsluvef Innu.	SHJ/BEN	V17-H17
	Skoða þarf heildarlausnir varðandi tölvuaðgang nemenda í skólanum.	SHJ/BEN	V17-H17
	Stefnt að því að kaupa nokkrar tölvur á árinu	SHJ/BEN	V17-H17

*SHJ*

## Gæðamarkmið Mælikvarðar



Verkefnaskólinn á Akureyri

Gæðamarkmið fléttast beint inn í rekstrar- og viðskiptamarkmið Verkefnaskólans á Akureyri enda er lítið á gæðastjórnun skólans sem lið í daglegum rekstri hans. Í VMA er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af eftirfarandi gæðamarkmiðum og kvörðum til að mæla þau:

Gæðamarkmið	Mælikvarðar	Staða	Hvenær mælt	Markmið
Nemendur náí sem bestum árangri í námi sínu bæði bóklegu og verklegu.	<b>Meðaleinkunn (allir áfangar)</b>	6,87	V og H 2016	6,50
		6,81	V og H 2015	
		6,79	V og H 2014	
		6,79	V og H 2013	
		6,8	V og H 2012	
		6,85	V og H 2011	
		6,8	V og H 2010	
		6,71	V og H 2009	
		6,70	V og H 2008	
		6,45	V og H 2007	
		6,54	V og H 2006	
		5,85	V og H 2005	
		<b>Fallprósenta</b>	9,56%	
	10,82%		V og H 2015	
	10,30%		V og H 2014	
	10,5%		V og H 2013	
	10,5%		V og H 2012	
	9,95%		V og H 2011	
	10,05%		V og H 2010	
	<b>Mætingar %</b>	85,1%	V og H 2016	90%
85,82%		V og H 2015		
86,3%		V og H 2014		
86,7%		V og H 2013		
Bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi.				

## Gæðamarkmið Mælikvarðar



Verkefnaskólinn á Akureyri

		87,2%	V og H 2012		
		88,4%	V og H 2011		
		89,35%	V og H 2010		
		88,55%	V og H 2009		
		90,05%	V og H 2008		
		85,6%	V og H 2006		
		87,6%	V og H 2005		
	<b>Brottfall %</b>	9,97%	V og H 2016	9,00%	
		9,48%	V og H 2015		
		11,75%	V og H 2014		
		10,0%	V og H 2013		
		10,5%	V og H 2012		
		10,0%	V og H 2011		
		8,7 %	V og H 2010		
		10,32%	V og H 2009		
		9,8%	V og H 2008		
		11,1%	V og H 2006		
		9,9%	V og H 2005		
Nemendur séu ánægðir í skólanum og með þá þjónustu sem þar er veitt.	<b>Kennslukönnun:</b> Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.	88,25%	V og H 2016		85% svari frekar sammála eða mjög sammála.
		87,6%	V og H 2015		
		87,7%	V og H 2014		
		89,4%	V og H 2013		
		84%	V og H 2012		
		88,14%	V og H 2011		
		84,5%	V og H 2010		
		82,68%	V og H 2009		
		76,1%	V og H 2008		
		79,5%	V og H 2007		
		74,5%	V og H 2006		
	Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í	90,4%	V og H 2016	85% svari frekar sammála og	
		92,1%	V og H 2015		

## Gæðamarkmið Mælikvarðar



Verkmenntaskólinn á Akureyri

	<p>áfanganum eru viðunandi</p> <p>85.19% 84,9% 89,7% 85,56% 87,5% 87,44%</p> <p>V og H 2014 V og H 2013 V og H 2012 V og H 2011 V og H 2010 H 2009</p>			<p><i>mjög sammála.</i></p>
	<p><b>Þjónustukönnun:</b> Í skólanum líður mér vel</p> <p>82,7% 87.3% 84,91% 83% 76%</p> <p>V 2016 H 2013 V 2011 V 2009 V 2006</p>			<p>90% svara næstum <i>alltaf</i> eða <i>oftast</i></p>
	<p>Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf.</p> <p>87,1% 76.4% 84,72% 83%</p> <p>V 2016 H 2013 V 2011 V 2009</p>			<p>90% nem svara mjög <i>sammála</i> eða <i>frekar sammála.</i></p>
<p>Að starfsmenn séu ánægðir í starfi sínu í VMA. Aðskapa starfseminni eins góðar forsendur og kostur er með öllum aðbúnaði.</p>	<p><b>Starfsmanna könnun:</b> Ég er ánægð(ur) með aðbúnað minn á vinnustaðnum.*</p> <p>83,6% 75.9% 68% 69% 64,29%</p> <p>V 2016 H 2015 H 2012 H 2010 H 2008</p>			<p>Að svörun í VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert</p>
	<p>Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu.*</p> <p>82,4% 91.7% 95.7% 99% 92,75%</p> <p>V 2016 H 2015 H 2012 H 2010 H 2008</p>			
Halda virkri gæðavottun um	Vottun og innri		<b>01/10/18</b>	Skólinn haldi



rekstur skólans samkvæmt ISO 9001 staðli	úttektir sem sýna að námið sé í samræmi við þessar kröfur.			vottun samkvæmt ISO-9001 staðli.
--	--	--	--	----------------------------------

### Aðferðir til að mæla gæði starfseminnar

**Meðaleinkunn:** Meðaltal allra einkunna í skólanum. Vegið meðaltal haust- og vorannar.

**Fall:** Hlutfall falleinkunna á haust- og vorönn. Vegið hlutfall. Tekið er tillit til eininga. Hægferðaráfangar reiknast sem þrjár einingar.

**Brottfall:** Hlutfall brottfalls á haust- og vorönn, þ.e. áfangar sem skráðir eru með H á önninni og áfangar þar sem nemendur fá einkunnina 0 (mættu ekki í próf). Brottfall er reiknað sem fjöldi eininga af þessu tagi deilt með heildarfjölda eininga. Hægferðaráfangar reiknast sem þrjár einingar.

**Viðvera.** Meðaltal fjarvistarhlutfalls allra nemenda í dagskóla.

### Ánægja með kennslu og kennara

Svar við spurningu úr kennslukönnun.

*Á heildina lítið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.*

(Reiknað er hlutfall þeirra nemenda sem velja svarmöguleikana "frekar sammála" og "mjög sammála".)

*Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum viðunandi.*  
(Reiknað er hlutfall þeirra nemenda sem svara "fekar sammála eða mjög sammála").

### Viðhorf og líðan nemenda

Svör nemenda við spurningum um líðan í skólanum og ánægju með skólann og þjónustu hans í nemendakönnun. Eftirfarandi spurningar eru lagðar til grundvallar.

*Í skólanum líður mér vel.*

(Reiknað er hlutfall þeirra nemenda sem svara "næstum alltaf" eða "oftast".)

*Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf.*

(Reiknað er hlutfall þeirra nemenda sem svara "mjög sammála" eða "frekar sammála").

### Viðhorf starfsmanna til aðbúnaðar

Um viðhorf starfsmanna til aðbúnaðar og starfsánægju er spurt með eftirfarandi spurningum í starfsmannakönnun.

*Ég er ánægð(ur) með aðbúnað minn á vinnustaðnum. \*spurt er um loftræstingu, lýsingu, öryggi á vinnustað, matar- og kaffiaðstöðu, tölvu- og tækjabúnað, vinnu- eða skrifstofurými.*  
(Hlutfall þeirra starfsmanna sem svara „mjög ánægð(ur)“ eða „frekar ánægð(ur)“)

*Á heildina lítið er ég ánægð(ur) í starfi mínu.*

(Hlutfall þeirra starfsmanna sem svara „mjög sammála“ eða „frekar sammála“)


*\*Stofnun ársins gefur einkunn á bilinu 1 til 5 þar sem fimm er hæsta einkunn. Gefin er einkunn fyrir tvo flokka, framhalds- og háskóla og allar ríkisstofnanir. Einnig eru gefin upp öryggismörk sem*





*miða við fjölda svarenda og út frá þeim má sjá hvort marktækur munur sé á niðurstöðum á milli stofnanaflokka. Að þessu sinni er einkunnin umreiknuð í prósentur með því að margfalda gildið sem skólinn fékk með tuttugu. Svo virðist sem Verkefnaskólinn sé undir meðaltali annarra sambærilegra stofnana.*

*Halda virkri gæðavottun um rekstur skólans samkvæmt ISO9001 staðli.  
Að skólinn standi undir þeim kröfum sem gerðar eru í úttektum til að halda virkri vottun.*


<p>Nr.: GAT-018</p> <p>Útgáfa: 02</p> <p>Dags.: 06.10.2015</p> <p>Höfundur: AMJ</p> <p>Sampykkt: HJS</p> <p>Síða 1 af 2</p>		<p style="text-align: center;"><b>Verkmentaskólinn á Akureyri</b></p> 	
<p><b>Frábrigði</b></p> <p><b>framvindumat haustönn 2016</b></p>			

<i>Athugasemd – hvaðan kom ábendingin, vegna hvers og frá hverjum</i>	<i>Tekió fyrir</i>	<i>Víðbrögð</i>	<i>Vísao til</i>	<i>Lokið</i>
<p><b>Enskudeild</b> – Staðsetning tölvu í D-15 og D-16 er vitlaus. Kennari snýr baki í nemendur. Staðsetning tölvu í D-04 er röng – skemmdir orðið á búnaði þegar hurð skellur í Innst í D-álmu heyrst ekki í þjöllunni og nemendur nýta sér það. Of mörg borð eru í D-05 – Mjög þröngt er í stofunni og erfitt um vik með hópvinnu.</p>	18.10.2016	<p><b>14.10.2016</b> – ábendingu komið til umsjónarmanns fasteigna. Hann verður í sambandi við KMQ fagstjóra enskudeilda. 18.10.2016 – KMQ, AMJ og BEN gengu yfir í D álmum og skoðuðu aðstæður. Aðilar voru sammála um að aðstæður í D15 og D16 eru bagalegar þ.e. að kennari snúi baki í nemandan þegar hann stendur við tölvuna. Ekki er hægt að leysa málið svo auðveldlega þar sem einungis er eitt tengi fyrir net í stofunni. Því beint til kennara að þeir snúi tölvunni á borðinu þannig að þeir snúi hlið að nemendum en ekki baki.</p> <p>Seiða þarf stoppara í gölf í D04 þannig að ekki verði frekari skemmdir á hurð sem skellur í tölvubúnaðinn.</p> <p>Varðandi D05 þá þarf því miður, vegna hópastærða að hafa svo mörg borð í stofunni. 20.10.2016. Settur hurðastoppari í D-04.</p>	Umsjónarmanns fasteigna	
<p><b>Enskudeild</b> – Kennarar deildarinnar beina því til stjórnenda að miðannar mat fari ekki of snemma fram á önn. Mörgum kennurum þykir matið þessa önn vera viku of snemma.</p>	18.10.2016	Miðannar mati seinkað á vorönn 2017		18.10.2016
<p><b>Hársnyrtideild</b> – Það var á áætlun að taka hluta af millivegg á milli kennslustofu og skrifstofu</p>	18.10.2016	Skólameistari heldur utan um breytingar á húsnæði	Skólameistara	
<p><b>Matvælabraut</b> – ÞJSK1SÞ02 – Þarf að vera í töflu að morgni eða eftir hádegi. Notum þessa tíma mikið í vettvangsferðir og slæmt að fara í hádeginu.</p>	18.10.2016	Verður passað í næstu töflugerð, ekki vera kl 11:25, best 8:15 eða 13:15	áfangastjóra	
<p><b>Samfélagsgreinar</b> – Þráðlaust net t.d. í B-14 og B-13 er afar lélegt. Nemendur farnir að tengja tölvur í gegnum símana sína. Það er ekki áætlanlegt þar sem nemendur greiða fyrir þessa þjónustu í þjónustugjöldum skólans.</p>	18.10.2016		Stefnu	
<p><b>Lífsleikni</b> – Hópur kennara vill að öryggismyndavélar skólans séu yfirfarnar á hverri önn. Það sé síðan staðfest í t.d. VNL-105 sem hétu þá öryggisafritun. Það hafa komið dæmi þar sem kerfið virkar ekki eins og það á að gera, tímastillingar rangar og serverinn ónýtur/bilaður sem gagnast</p>	18.10.2016	Skoða þarf hvort og þá hvar í gæðakerfinu talað er um öryggismyndavélar. Ræða við umsjónarmann fasteigna um serverinn og fá upplýsingar frá fagstjóra um hvað átt sé við. 21.10.2016 – AMJ og SHS skoðuðu myndavélar með umsjónarmanni fasteigna. Búið er að uppfæra serverinn og	áfangastjóra	



Nr.: GAT-018		<h2 style="text-align: center;">Verkmenntaskólinn á Akureyri</h2> 	
Útgáfa: 02			
Dags.: 06.10.2015		<h3 style="text-align: center;">Frábrigði</h3> <h3 style="text-align: center;">áfangaskýrslur (haustönn 2016)</h3>	
Höfundur: AMJ			
Samþykkt: HJS			
Síða 1 af 9			


Athugasemd – hvaðan kom ábendingin, vegna hvers og frá hverjum	Tekið fyrir	Víðbráð	Vísað til	Lokið
ÞÝS203 – WFS – Tölvun í D04 er biluð		Vísað er til skýrslu um úttekt á tölvubúnaði sem unnin var af Stefnu. Fyrirhugað er að kaupa tölvur og búnað eftir aðstæðum á árinu 2017	Verkefnastjóra gagnasmíðju	
ÞÝS403 – WFS – Tölvun í D08 er biluð		Vísað er til skýrslu um úttekt á tölvubúnaði sem unnin var af Stefnu. Fyrirhugað er að kaupa tölvur og búnað eftir aðstæðum á árinu 2017	Verkefnastjóra gagnasmíðju	
BVAF2GL05 – BFI – Þegar áfanginn verður kenndur næst væri æskilegt að hafa annan bíl til að taka girkassann úr og setja í.			Vísað til skólameistara	
BVSF2SF03 – BFI – Næst þegar áfanginn verður kenndur þurfa að vera komnir fleiri bílar til að taka í sundur og setja saman.			Vísað til skólameistara	
KÆL302 – ELÍ – sjá fyrri athugasemdir			Vísað til skólameistara	
KÆL122 – ELÍ – sjá fyrri athugasemdir			Vísað til skólameistara	
VST403 – VIL – Það er nauðsynlegt að fjölga tölvum í hermi eða vera með jafn marga nemendur og tölvurnar eru þ.e. 7. Það er útilokað fyrir kennarann að ætla að vera með kennslu í hermi og líka í vélasal.			Vísað til skólameistara	
VÉLS1GV05 – JÓB,ELÍ – Það þarf að setja upp og tengja ljósvélar			Vísað til skólameistara	
VÉLS3TK05 – JÓB,VIL – Það vantar brunabryttingsmæli. Það þarf að setja upp og tengja ljósvélar. Reykgreiningarmælir er kominn :)			Vísað til skólameistara	
SJR102 – HRE – Kennslustundir eru of fáar til að hægt sé að gera efni skil. Þyrftu að vera 3-4 í viku.		SJR1024 – næst þegar efni áfangans verður kennt, verður það eftir nýrri námskrá. Huga skal að kennslustundafjölda í því samhengi.	áfangastjóra	11.01.17
VÉLS2KB05 – JÓB, VIL, ELÍ. Það þarf að setja upp og tengja ljósvélar.			Vísað til skólameistara	

Nr.: GAT-018	
Útgáfa: 02	
Dags.: 06.10.2015	
Höfundur: AMJ	
Samþykkt: HJS	
Síða 2 af 9	


## Verkmenntaskólinn á Akureyri

### Frábrigði áfangaskýrslur (haustönn 2016)

EFRE1BV05 – BSÓ – Koma þarf í veg fyrir að nemendur sem koma af starfsbraut verði munaðarlausir, þ.e. þeir þurfa aðstoð til að nýta sér prófúrræði o.p.h.		Pegar nemendur fara af starfsbraut yfir á aðrar brautir eiga þeir að fá sömu þjónustu og nemendur annarra brauta og sérúrræði starfsbrautar standa þeim ekki lengur til boða. Brautarstjóri, sviðsstjóri og námsráðgjafa, auk kennara eru þeim til ráðgjafar eins og öðrum nemendum	11.01.17
TEH203 – HTT – Nauðsynlega þarf að gera við plottar í B03, eða fá nýjan, svo unnt verði að prenta teikningar í mælikvarða sem henta vinnuteikningum. Þetta kom verulega niður á einkunnagjöf.		Viðað til skólameistara	
TST101 – HTT – Eftir að hafa barist við CNC hugbúnað í B03 í heilt ár með aðstoð Stefnu manna, var fenginn sérfræðingur að sunnan sem uppfærði hugbúnað í notunarhæft ástand. Þessi heimsókn kostaði haug af peningum, en var nauðsynleg svo unnt væri að kenna áfangann.		Viðað til skólameistara	
LÍFS1SN01 – HRS – Ekki samþykkja að kennarar skrifi bara staf á miðannarmati og enga umsögn. Mjög slæmt í viðtölum við nemendur og foreldra. Mikilvægt er að lífsleiknikennar hafi aðgang að skólameistara eða aðstoðarskólameistara á kennslutíma.			
